

Nd.

925. Nefndarálit

um frv. til laga um Byggingarstofnun ríkisins og byggingarfélög.

Frá 1. minni hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta hefur legið óafgreitt hjá nefndinni síðan í nóvember síðast liðnum. Sú töl á mestmegnis rót sína að rekja til þess, að nefndin sendi þ. 3. des. f. á. frv. til umsagnar eftirtöldum aðilum: Félagsmálaráðuneytinu, stjórn byggingarsjóðs verkamanna, stjórn verkamannabústaðanna og stjórn Samvinnubyggingarfélags Reykjavíkur. Enginn þessara aðila hefur fengið til að svara nefndinni, þrátt fyrir ítrekaðar bréfaskriftir og munnlegar eftirgrennslanir. Verður slíkt tómlæti gagnvart Alþingi að teljast með öllu óafsakanlegt, svo að ekki sé fastara að orði kveðið.

Að lokum var málið svo tekið fyrir á fundi nefndarinnar þ. 20. maí þ. á. Varð þegar ljóst, að skoðanir nefndarmanna á frv. voru svo sundurleitar, að vonlaust var, að samkomulagsumleitanir bæru árangur. Þeir Sigurður E. Hlíðar og Helgi Jónasson vildu vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Garðar Þorsteinsson var ekki viðstaddur, er málið var rætt. Gylfi Þ. Gíslason kvað sig fylgjandi frv. í aðalatriðum, en vildi þó gera á því ýmsar veigamiklar breytingar. Mun hann skila séráliti þar að lútandi.

Undirrituð vill aftur á móti, að frumv. verði samþykkt óbreytt, með því að með því mundi komið heildarskipan á byggingarmál þjóðarinnar og tryggt, að fyrst og fremst verði undinn bráður bugur að því að leysa hinn mikla vanda, sem hrjáir fjölda fólks vegna húsnæðisskorts.

Ég tel, að þetta mál þoli enga bið og Alþingi geti sóma síns vegna ekki látið undir höfuð leggjast að afgreiða það án frekari tafar.

Alþingi, 21. maí 1947.

Katrin Thoroddsen.